

Fjallableikja ehf.  
Pósthólf 80  
222Hafnarfjörður

Reykjavík, 28. september 2021  
UST202012-034/F.T.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 11. desember 2020 þar sem áformað var að leggja dagsektir á rekstraraðila vegna fráviks er fyrst var skráð í eftirliti dags. 29. september 2017. Stofnuninni hefur nú borist úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- Starfsleyfi (viðauki II í gr. 785/1999).** Starfsleyfi sem gefin eru út af Heilbrigðiseftirlitinu geta að hámarki verið fyrir framleiðslu 20 tonna af fiski, sé frárennslið leitt í ferskvatn. Rekstraraðili framleiðir um 100 tonn á ári og er því langt yfir mörkum starfsleyfis. Rekstraraðila var bent á að sækja um stækkun á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar hið fyrsta. Jafnframt var rekstraraðila bent á að hann hefði heimildir til að sækja um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til ráðherra, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. **Rekstraraðili lagði fram umsókn um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar 2018 og því var beðið með frekari eftirfylgni umrædds fráviks. Rekstraraðili hafði ekki lagt fram fullnægjandi fylgigögn með starfsleyfisumsókn sinni, né dregið úr framleiðslu. Framleiðsla Fjallableikju undanfarin ár hefur verið stöðug langt umfram leyfilegum mörkum en árið 2018 var framleiðslan 85 tonn, árið 2019 var framleiðslan 100 tonn og skv. upplýsingum sem veittar voru í vettvangsheimsókn stofnunarinnar í byrjun desember 2020 var framleiðslan það sem var af árinu 2020, 60 tonn.**

Starfsleyfi stöðvarinnar rennur út þann 12. október nk. og rekstrarleyfið þann 1. nóvember nk. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er áætlað að stöðin verði orðin tóm í lok október og verði þá farið í lagfæringar á stöðinni. Starfsemi muni ekki hefjast að nýju fyrr en leyfi liggja fyrir. Stofnunin óskar eftir því að send verði staðfesting á því þegar stöðin hefur verið tæmd, í síðasta lagi 5. nóvember, og leggur áherslu á að ekki er heimilt að hefja starfsemi að nýju þar til nýtt starfsleyfi liggur fyrir.

Rekstraraðili hefur nú sent matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila er áætlað að niðurstaða muni liggja fyrir innan skamms.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og mun fylgja því eftir að rekstraraðili muni starfa innan þeirra leyfa sem í gildi eru á hverjum tíma.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 237.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur